

Bókin

Við vorum um daginn og veginn
og veðrið og lífið að spjalla.
Mér fannst þú þykk og fáséð bók
og fýsti að lesa þig alla.

Svo fáséð og fallega bundin,
og fremst var snoturt kvæði.
Ég fékk þig að láni, fór með þig heim
og fletti þér í næði.

En að fletta þér allri
var okkur báðum skaði,
því í þér fann ég ekkert nýtt.
Allt var á fremsta blaði.

Lesefni við lokahátíðir Stóru upplestrarkeppninnar í 7. bekk 2008–2009



Skáld keppninnar

Brynhildur Þórarinsdóttir
Örn Arnarson

Raddir,
samtök um vandaðan upplestur og framsögn
febrúar 2009

Ísland

Fagra land með fönn á tindi,
fræga land í sögu og brag,
ríkast land að ást og yndi
ertu fram á þennan dag.
Sólskinsland í sumarklæðum,
svala land með jöklaheir,
heita land með eld í æðum,
enginn sonur gleymir þér.

Þú ert vort með galla og gæði,
gaddi klætt og blómum skrytt,
ís og hraun að öðrum þræði,
en í raun svo milt og blítt.
Þú í hug vorn hefir andað
haustsins kvíða, vorsins þrá
og í sálum saman blandað
sumaryl og vetrarsnjá.

--

Heita land í klakaklæðum,
kostaland með hraunin ber,
kalda land með eld í æðum,
aldrei bregðist gæfan þér.
Auðugt land að ást og vonum,
auðugt land að sögu og brag,
auðugt land að sönnum sonum
sértu fram á hinsta dag.

Textar eru valdir og búnir til fjölföldunar af Ingibjörgu Einarsdóttur, Þórði Helgasyni og Baldri Sigurðssyni til flutnings á lokahátíð Stóru upplestrarkeppninnar í 7. bekk vorið 2009.

Búningur sögunnar eftir Brynhildi Þórarinsdóttur er miðaður við munnlegan flutning: Lesmáli er skipt í jafna búta, sums staðar er fellt úr og greinarmerki sett þar sem þurfa þykir til glöggvunar fyrir hina ungu flytjendur.

Sköpun mannsins

Alfaðir í Eden fann
apa, sem um greinar rann,
ætlaði að gera úr honum mann,
sem elskaði guð og náungann.

Sat hann við með sveittar brár
sextán hundruð þúsund ár.
Apinn reyndist þrjóskur, þrár,
þykkjukaldur og hyggjuflár.

Að hálfu leyti api enn,
eðlin geymir tvenn og þrenn,
lítil von hann lagist senn.
Lengi er guð að skapa menn.

Efni kversins

| | |
|---|----|
| UM ÞETTA KVER..... | 4 |
| YFIRLIT UM KAFLA SEM LESNIR VERÐA Í FYRSTU UMFERÐ, FLYTJENDUR ÞEIRRA OG RÖÐ | 6 |
| FYRSTA UMFERÐ: SVIPMYNDIR ÚR SKÁLDSÖGUNNI <i>LEYNDARDÓMAR LJÓNSINS</i> EFTIR BRYNHILDI ÞÓRARINSDÓTTUR..... | 7 |
| ÖNNUR UMFERÐ: LJÓÐ EFTIR ÖRN ARNARSON | 26 |

Um þetta kver

Hér birtist skyldubundið lesefni við lokahátíðir Stóru upplestrarkeppninnar í 7. bekk vorið 2009. Þátttakendur lesa í þremur umferðum. Í fyrstu tveimur umferðunum lesa þeir efni úr þessu kveri, í þriðju umferð lesa þeir ljóð að eigin vali.

Í fyrstu umferð verða lesnar svipmyndir úr sögunni *Leynardómar ljónsins ...* eftir Brynhildi Þórarinsdóttur. Þessar svipmyndir skiptast í 18 hluta, en það er hámarksfjöldi keppenda sem gert er ráð fyrir. Hæfilegt þykir víðast hvar að lesarar séu á bilinu 12 til 15 en ekki er gert ráð fyrir færri lesurum en átta.

Umsjónarmaður velur þá kafla sem henta fjölda lesara á hverjum stað. Undirbúningsnefnd mælir með að þessir hlutar sögunnar séu valdir:

| | |
|------------|---------------|
| 8 lesarar | 1-8 eða 11-18 |
| 9 lesarar | 1-9 eða 10-18 |
| 10 lesarar | 1-10 |
| 11 lesarar | 8-18 |
| 12 lesarar | 1 og 8-18 |
| 13 lesarar | 1-2 og 8-18 |
| 14 lesarar | 1-3 og 8-18 |
| 15 lesarar | 1-4 og 8-18 |
| 16 lesarar | 1-5 og 8-18 |
| 17 lesarar | 2-18 |
| 18 lesarar | 1-18 |

Flytjendur fá að undirbúa alla þá kafla sem valdir eru á hverri hátíð í viku til tíu daga.

Á lokaæfingu, eða daginn fyrir lokahátíð, fá flytjendur að vita nákvæmlega hvaða hluta þeir eiga að lesa. Til hægðarauka má skrá nöfn lesara við númer hvers hluta á yfirlitinu hér á eftir.

Þá var ég ungur

Hreppsómaga-hnokki
hírðist inni á palli,
ljós á húð og hár.
Steig hjá lágum stokki
stuttur brókarlalli,
var svo vinafár.
Líf hans var til fárra fiska metið.
Furðanlegt, hvað strákurinn gat étið.
Þú varst líknin, móðir mín,
og mildin þín
studdi mig fyrsta fetið.

Mér varð margt að tárur,
margt þó veki kæti
og hopp á hæli og tám.
– Þá var ég ungur að árum. –
„En þau bölvuð læti,“
rumdi ellin rám.
Það var eins og enginn trúa vildi,
að annað mat í barnsins heimi gildi.
Flýði ég til þín, móðir mín,
því mildin þín
grát og gleði skildi.

Flensborgarskóli

Hér er risin höll á bjargi,
heilsteyppt listaverk,
há til lofta og víð til veggja,
vegleg, djörf og sterk.
Hún ber svipinn frónskra fjalla,
fögur, línuhreín,
máttugt afrek huga og handa,
hugsjón greypt í stein.

Minumst hans, er hugsjón þessa
hóf með starfi og gjöf,
kvað sig stóran eins og Egill
yfir sonar gröf,
treysti meir á fjöldans frama
en fárra auð og völd.
Alþýðunnar mennt og menning
mat hann sonargjöld.

Þessi höll skal vörn og vígi
vorhug fólksins ljá,
frjálsri hugsun, háum kröfum,
heitri vaxtarþrá.
Hér skal eld á arni finna
æska þessa lands:
trú á lífið, trú á manninn,
trú á þroska hans.

Í annarri umferð lesa þátttakendur eitt ljóð eftir Örn Arnarson. Þeir skulu velja eitt af þeim tíu ljóðum sem prentuð eru í þessu hefti.

Í þriðju umferð lesa þátttakendur ljóð algerlega að eigin vali, bundið eða óbundið, nýtt eða gamalt.

Leiðbeiningar um kynningu á lokahátíð

Áður en upplestur hefst fer vel á að kynna flytjendur með nafni og úr hvaða skóla þeir eru. Annaðhvort gerir kynnir það eða flytjendur gera það sjálfir. Eftir að upplestur hefst þarf ekki að kynna þá frekar.

Í upphafi fyrstu umferðar fer vel á að kynnir lesi inngang að sögu Brynhildar Þórarinsdóttur, eða taki saman eigin kynningu. Flytjendur þurfa ekki að kynna efnið frekar, heldur lesa sinn hluta beint af augum svo sagan myndi eina samfellda heild. Þeir eiga ekki að segja númer þess hluta sem þeir lesa.

Í upphafi annarrar umferðar fer vel á að kynnir lesi inngang að ljóðunum eftir Örn Arnarson eða taki saman eigin kynningu. Flytjendur kynna aðeins heiti ljóðsins sem þeir hafa valið, en eiga ekki að endurtaka nafn skáldsins.

Í þriðju umferð getur kynnir þess í upphafi að flytjendur lesi ljóð að eigin vali. Þeir kynna sjálfir heiti ljóðsins og höfund þess.

Leiðbeiningar um röð flytjenda

Vel fer á að flytjendur sitji í sömu röð og þeir lesa söguna í fyrstu umferð. Óþarfi er að nemendur úr sama skóla sitji saman. Í annarri umferð er byrjað á þeim sem var fjórði eða fimmti í fyrstu umferð, svo lesið í sömu röð og endað á þeim sem situr við hlið þess sem byrjaði. Í þriðju umferð er byrjað enn aftur og röðinni fylgt eins og áður.

Yfirlit um kafla sem lesnir verða í fyrstu umferð, flytjendur þeirra og röð.

1. _____
2. _____
3. _____
4. _____
5. _____
6. _____
7. _____
8. _____
9. _____
10. _____
11. _____
12. _____
13. _____
14. _____
15. _____
16. _____
17. _____
18. _____

Óskalandið

Riddarinn á hvítum hesti
hvergi ró né yndi festi.
Óskalandsins leitar hann.
Leitað hafði ævi alla
álfur heims frá strönd til fjalla,
sá nú óðum ævi halla,
óskalandið hvergi fann.

Leit hann rökkursvip á sveimi,
sendiboða úr húmsins geimi.
Einhvers staðar úti í heimi
er óskalandið. Seg mér hvar!
Sjónhendingu suður af mána
sá ég fyrir tindum blána
– slétt er brautin, sláðu í Grána,
slepptu honum beint á himingljána –
óskalandið þitt er þar.

(þýðing)

Illgresi

Löngum er ég einn á gangi,
einkum þegar sólin skín.
Fáum kunn, á víðavangi
víða liggja sporin mín.
Eins og barn með blóm í fangi,
bróðir, kem ég inn til þín.

Undir heiðum himni og víðum
hvílíkt yndi að skemmta sér,
þegar blóm í brekku og hlíðum
brosa, hvar sem litið er.
En illgresið er oft og tíðum
yndislegast, sýnist mér.

Fyrsta umferð: Svipmyndir úr skáldsögunni *Leyndardómar ljónsins* eftir Brynhildi Þórarinsdóttur

Inngangur kynnis

Skáld Stóru upplestrarkeppninnar að þessu sinni eru tvö:
Brynhildur Þórarinsdóttir og Örn Arnarson.

Brynhildur Þórarinsdóttir fæddist árið 1970. Hún er með MA-
próf í íslenskum bókmenntum og starfar nú sem lektor við
Háskólann á Akureyri. Hún hefur skrifað bæði skáldsögur og
smásögur fyrir börn og unglunga og hlotið mörg verðlaun og
viðurkenningar, t.d. Norrænu barnabókaverðlaunin árið 2007.
Brynhildur hefur auk þessa skrifað fjölda greina um
bókmenntir.

Leyndardómar ljónsins kom út árið 2004 og hlaut íslensku
barnabókaverðlaunin það ár. Sagan segir frá því þegar krakkar
úr 7. bekk Þingholtsskóla í Reykjavík halda ásamt nokkrum
kennurum að Reykjum í Hrótafirði um miðjan vetur. Þar eiga
þeir að dvelja í skólabúðum í eina viku.

Á móti þeim taka hjónin Páll og Margrét sem stýra Reykjaskóla.
Sama dag kemur hópur nemenda úr Eyrarskóla á Akureyri.
Veðrið er sannkallað vetrarveður, eins og það getur verst orðið
á Norðurlandi. Vegir lokast og rafmagnið fer af en í skólanum
taka dularfullir atburðir að gerast.

Þeir sem koma mest við sögu eru tvíburarnir Anna og Tommi,
auk bekkjarsystkina þeirra, og Akureyringarnir Anton, Harri,
Valdís og Sigurbjörg. Nokkrir kennarar láta stundum að sér
kveða.

1.

Keðjurnar glamra, þurrkurnar ískra og bílstjórinn dæsir. Það hefur samt engin áhrif á farþegana, fimmtíu og tvo krakka úr sjöunda bekk Þingholtsskóla sem hafa sungið frá því rútan lagði af stað úr Reykjavík. Þau eru í sól-skinsskapi þrátt fyrir snjókomu og skafrenning og full ólgandi tilhlökkunar.

Rútan hjakkar samviskusamlega áfram meðan Kári og krakkarnir keppa um hávaðaverðlaunin. Stormurinn fær óvænt forskot þegar bílstjórinn rykkir rútnni snögg til vinstri svo farþegarnir grípa andann á lofti, dauðhræddir um að hann hafi ekið út af veginum. Brátt rofar hins vegar til og gegnum auða blettinn á framrúðunni sést glittra í litla húsaþyrpingu.

Húsin birtast og hverfa á víxl í hríðinni meðan bílstjórinn mjakar rútnunni niður heimkeyrsluna.

– Út með ykkur! rymur hann höstugur í hátalarakerfið. Takið draslið ykkar og hunskist út úr rútnunni. Svo slekkur hann á kerfinu og tautar í barm sér: „Helvítis hávaði alltaf hreint í þessum krökkum ...“

Skólustjórahjónin Páll og Margrét bjóða hópinn velkominn og fara yfir vikuna sem fram undan er. Tommi virðir þau fyrir sér. Þau eru á aldur við ömmu hans og afa, gráhærð og glettin á svip, og rákirnar í andlitinu sýna að þau eru vön að takast á við óveður jafnt sem barnaskara.

Þyrnirósa

Þarna sefur Þyrnirósa,
það var fyrsta hugsun mín,
þegar, mærin lokkaljósa,
leit ég bláu augun þín.

Sæll þér reynist svefninn ljúfi.
Svífðu frjáls um draumastig.
Engin guðlaus ránshönd rjúfi
rósagerðið kring um þig.

Sofðu, mærin lokkaljósa.
Lánið kóngsson færir þér.
Þú munt vakna, Þyrnirósa,
þegar hann að garði ber.

Lítill fugl

Lítill fugl á laufgum teigi
losar blund á mosasæng,
heilsar glaður heiðum degi,
hristir silfurdögg af væng.

Flýgur upp í himinheiðið,
hefir geislastraum í fang,
siglir morgunsvala leiðið,
sest á háan klettadrang.

Þykist öðrum þröstum meiri,
þenur brjóst og sperrir stél,
vill, að allur heimur heyri,
hvað hann syngur listavel.

Skín úr augum skáldsins gleði,
skelfur rödd við ljóðin ný,
þó að allir þrestir kveði
þetta sama dírri-dí.

Litli fuglinn ljóða vildi
listabrag um vor og ást.
Undarlegt, að enginn skyldi
að því snilldarverki dást.

2.

– Þetta er nú meira andstyggðarveðrið, segir Páll og brettir upp ermar á rauðköflóttri skyrtu. Við látum það samt ekki á okkur fá. Dagskráin er þétt og skemmtileg – leyfi ég mér að fullyrða – og hingað til hafa allir farið ánægðir heim.

Margrét þaggar niður í skvaldrandi krökkunum með því að blása í flautu sem hangir um hálsinn á henni.

– Flaut þýðir ekkert taut! kallar hún yfir hópinn og veifar glansandi flautunni. Akureyringarnir eru byrjaðir að koma sér fyrir og þið þurfið að gera það líka fyrir matinn. Við ætlum að blanda skólunum rækilega saman og skipta ykkur í stelpu- og strákvist ...

– Það er svindl, ég hélt að skólarnir yrðu sér, kallar Rakel og vinkonur hennar taka undir með henni. Þurfum við þá að vera með ókunnugum stelpum í herbergi?

– Hrikalega er það spennandi, segir Anna á innsoginu og Hildur kinkar ákaft kolli til að taka undir með henni.

Margrét blæs kröftuglega í flautuna. Þið verðið á stelpu- og strákvist og því verður ekki breytt. Það var svo mikið kossastand á krökkunum úr öðrum skólanum hérna í síðustu viku að við þorum ekki annað ...

Krakkarnir springa úr hlátri og gretta sig hver framan í annan. Kennararnir varpa hins vegar öndinni léttar og nokkrar af áhyggjuhrökkunum á enninu sléttast út.

3.

Tommi finnur kvíðann binda rembihnútt á magann og hugsanirnar þjóta um kollinn. Af hverju þarf að blanda skólunum saman? Við Andri ætluðum að vera saman í herbergi. Skyldi það vera bannað? Getur þessi skóli ekki verið í einu húsi þótt einhverjir aðrir krakkar hafi verið að kyssast? Það myndi hvort sem er enginn vilja kyssa stelpurnar í Þingholtsskóla. Að minnsta kosti ekki ég ...

Flautan vælir og Margrét arkar af stað. Stelpurnar koma með mér yfir í Grund – það er stóra húsið við hliðina á sundlauginni - en strákarnir verða hér í gamla skólanum sem við köllum Ólafshús.

Margrét gengur taktföstum skrefum fram í anddyrið og stelpurnar mynda halarófu á eftir henni. Anna og Hildur ganga hlið við hlið og hvíslast ákaft á. Þótt aðeins sé örskammur spölur milli húsanna renna þær úlpunum upp í háls og vefja um sig löngum treflum þar til þær líkjast múmíum.

Tommi horfir á eftir þeim áður en hann tekur töskuna sína og eltir Pál og strákana. Hann skimar eftir Andra en hann er hvergi sjáanlegur. Tommi finnur hvernig hjartað byrjar að slá örar og hann svitnar í lófunum. Hann er við það að missa takið á töskunni þegar lamið er á bakið á honum. Hann snýr sér snöggvið við og sér skólhærðan strák með breitt bros milli útstæðra eyrna. Eldrauð derhúfa snýr öfugt á höfðinu á honum og rímar fullkomlega við rauðan íþróttajakkann.

Hænsni

Nokkur heiðurshænsni
í hæsnakofanum búa.
Og haninn er þeirra höfuð,
og hænurnar á hann trúá.

Þau lifðu í eining andans
og eftir hæsnavenjum,
uns hænán ein tók upp á
svo undarlegum kenjum.

Að hoppa upp á hauginn
er hennar fasti vani,
reigja sig og rembast
og reyna að vera hani.

Haninn bölvar í hljóði.
En hvað er um það að tala,
þótt hænuréttindahæna
heimti að fá að gala?

Önnur umferð: Ljóð eftir Örn Arnarson

Inngangur kynnis

Örn Arnarson er skáldanafn Magnúsar Stefánssonar. Hann fæddist 12. desember 1884 norður á Langanesströnd, yngstur sjö barna. Hann ólst upp í mikilli fátækt, missti ungur föður sinn en reyndi snemma að sjá sér fyrir þeirri menntun sem hann gat. Hann lauk gagnfræðaprófi frá Flensborgarskóla og kennaraprófi, og kenndi eftir það einn vetur á Langanesi. Eftir að kennslunni lauk vann hann aðallega skrifstofustörf, fyrst um skeið í Vestmannaeyjum en síðan flutti hann til Hafnarfjarðar og bjó þar til dauðadags.

Magnús sagðist fyrst hafa ort vísu fjögurra eða fimm ára að aldri. Þegar hann var átta ára tilkynnti hann móður sinni að hann vissi hvað hann ætlaði að verða: „Ég ætla að verða smiður – skáld – og kraftamaður.“

Þegar hann var barn átti hann létt með að yrkja en hafði miklar áhyggjur af því að hann næði ekki með tungunni upp í nef sér. En hann varðveitti alltaf drauminn um að verða skáld.

Ljóðasafn Arnar Arnarsonar kom svo út árið 1942, sama ár og skáldið lést, með sama heiti og litla ljóðabókin frá árinu 1924.

Nemendur geta nú valið milli tíu ljóða Arnar en þau eru:

| | |
|-------------|------------------|
| Hænsni | Flensborgarskóli |
| Lítill fugl | Þá var ég ungur |
| Þyrnirósa | Sköpun mannsins |
| Illgresi | Ísland |
| Óskalandið | Bókin |

Óhjákvæmilegt er að sumir flytjendur lesi sama ljóðið, en það gefur okkur hlustendum færi á að njóta mismunandi túlkunar.

4.

– Ertu ekki að koma? Andri snýr derhúfunni við og togar í peysu vinar síns. Tommi lætur hann draga sig áfram, glaður í bragði. Honum finnst hann öruggur með Andra, sem hann hefur þekkt frá því á leikskóla. Þeir eru engir perluvínir en vanir að hittast af og til eftir skóla þegar Andri er ekki að æfa eða keppa í fótbolta.

Páll fer fyrir strákahópnum upp á aðra hæð þar sem herbergin eru. Hann er greinilega búinn að raða strákunum í herbergi fyrir fram því hann nemur staðar framan við hverjar dyr og les upp nöfn íbúanna. Flest herbergin eru fjögurra manna og tveir úr hvorum skóla eiga að búa saman.

– Hlynur Snær og Halldór Ari, Stefán Þór og Kjartan, les Páll og stöðugt fækkar í hópnum. Tómas Örn og Andri Már, les hann loks framan við lokað herbergi sem á að verða heimili þeirra næstu fimm dagana.

Tommi horfir eitt andartak á hurðina og kyngir einhverju sem er fast í hálsinum á honum. Andri er hins vegar röskari og rífur upp hurðina um leið og hann bankar. Tommi eltir hann hikandi inn.

– Hæ, segja tveir ókunnugir drengir í kór. Þeir sitja á annarri neðri kojunni og lesa saman í *Fanganum frá Azkaban*.

– Hæ, segir Tommi feimnislega.

5.

– Eruð þið bara komnir á númer þrjú? spyr Andri án þess að heilsa og fleygir töskunni sinni út í horn. Ég er fyrir löngu búinn með allar.

– Við líka, segja strákarnir í kojunni hneykslaðir á spurningunni.

– Ég er að lesa þessa í þriðja sinn, segir sá sem er vinstra megin, skolhærður strákur og freknóttur, með járnbrautarteina á tönnum. Hann er sportlega klæddur, með himinblátt KA-merki á sólgulri peysunni.

– Ég er að lesa hana í fjórða sinn, segir hinn strákurinn og lítur upp. Tomma bregður þegar hann sér hvað hann er líkur söguhetjunni; dökkhærður með kringlótt gleraugu og bleikt ör upp frá annarri augabruninni.

– Galdraör? spyr Tommi varlega og bendir á ennið.

– Neibb, róló þegar ég var þriggja, segir sá dökkhærði og lagfærir hvítan skyrtukraga undir þykkri, blárri peysu. Tommi kinkar kolli. – Ég er Tómas, kallaður Tommi, segir hann svo.

– Andri, segir Andri.

– Anton, segir sá freknótti.

– Haraldur, kallaður Harri, segir sá dökkhærði.

Tommi lítur undrandi á hann en spyr einskis. Anton leggur Harry Potter á koddann. – Hver finnst ykkur best? spyr hann og nikkar í átt til bókarinnar.

– Veit ekki, svarar Tommi og skammast sín fyrir að hafa bara lesið hverja bók einu sinni. Kannski fyrsta.

18.

Grettir var dæmdur fyrir ólánsverk í Noregi sem kostaði marga menn lífið. Hann varð útlagi á Íslandi og óvinir hans sátu um líf hans. Samt átti hann alltaf athvarf hér í sveitinni, á Bjargi hjá móður sinni. Að lokum flúði Grettir út í Drangey á Skagafirði og Illugi bróðir hans með honum. Þar var hann veginn, nær tuttugu árum eftir að hann var dæmdur útlægur.

Aðdragandinn að víginu bar vott um ógæfuna sem Glámur kallaði yfir Gretti. Kerling nokkur beitti galdri sem varð til þess að öxi Grettis hrökk í fót hans. Varð af því mikið sár svo að Grettir varð sárveikur og þjáður. Eina nóttina komu óvinir Grettis í Drangey til að drepa hann. Grettir gat ekki staðið í fótinn en varðist samt frækilega, krjúpandi á knjánum.

Illugi varðist einnig vel og drap nokkra af árásarmönnum en særði aðra uns hann var handtekinn. Grettir var þá nær dauða en lífi af fótarsárinu. Óvinir hans veittu honum mörg sár og hjuggu að lokum af honum höfuðið. Sumir segja að óvinirnir hafi riðið með höfuðið til Alþingis, aðrir segja að þeir hafi gefið móður Grettis höfuð hans og hún hafi grafið það undir hellu í túninu hjá sér.

Í þeirri svipan tekur stormurinn dýfu og ræðst á skólahúsið. Það brestur í þakinu og brakar í dyrunum. Gluggatjöldin fjúka til og frá og kaldur gusturinn berst um salinn uns slokknar á kertunum.

17.

Eftir það var eins og Grettir vaknaði til lífsins. Hann náði að teygja sig í saxið sitt og hjó höfuðið af Glámi og setti það við þjó honum til að koma í veg fyrir að hann gengi aftur á ný. Bóndinn og Grettir brenndu svo búkinn og hausinn af Glámi til kaldra kola og grófu eins fjarri mannabyggðum og þeir komust.

Páll stoppar þegar hann sér hönd á lofti. Er eitthvað óskýrt? spyr hann og rýnir út í salinn.

– Hvar setti hann eiginlega höfuðið? spyr eigandi handarinnar.

– Veistu ekki hvað þjó er? spyr Páll á móti og klórar sér í skegginu. Svo snýr hann sér við og slær á rassinn á sér. Þetta er þjó!

– Oj, er hrópað alls staðar í salnum. Setti hann hausinn við rassinn á honum?

– Já, já, kinnar á móti kinnum, ef þið skiljið hvað ég á við, segir Páll glottandi. Þetta þótti óbrigðult ráð til að koma í veg fyrir að menn gengju aftur. Páll þarf að doka við stutta stund meðan krakkarnir fá útrás fyrir flissið en síðan heldur hann áfram.

– Grettir var aðeins átján ára þegar hann gerði út af við drauginn og hlaut hann fyrir það mikla frægð. En orð Gláms voru áhrínsorð. Upp frá þessu varð Gretti allt að ógæfu. Hann gerðist einnig afskaplega myrkfælinn og fannst augu Gláms fylgja sér hvert sem hann fór.

6.

– Það er ekki hægt að segja hver er best, mótmælir Harri. Í dag finnst mér númer fimm best því ég er svolítið dapur og hún er svo drungaleg, en á morgun finnst mér kannski númer tvö betri því hún er miklu myndnari.

– Prófessor, tautar Anton og skiptir um umræðuefni: Með hverjum haldið þið í boltanum?

Andri er snöggur til svars: Val og United, rauðu liðin eru best.

– En þú? segir Anton snögg og lítur á Tomma.

– Veit ekki, hvíslar Tommi og sér eftir því að hafa aldrei hlustað almennilega á Önnu, öll þau skipti sem hún hefur látið móðan mása um fótbolta. Bara Val líka.

– Valsarar eru grútlélegir, segir Anton, eins og sá sem allt veit. Annars er flott að þið séuð United-menn, besta lið í heimi! Við verðum pottþétt meistarar í ár.

– Verðum VIÐ meistarar? muldrar Tommi og hlammar sér á kojuna hjá Harra sem hefur ekki sagt orð um fótboltann. Harri pikkur laumulega í Tomma og hvíslar:

– Þetta er ekkert mál, ég á heldur ekkert uppáhaldslið. Tommi brosir. Hann kann strax vel við Harra.

Bílstjórinn stendur í anddyrinu og er að skoða landakort þegar Tommi og Andri koma niður. Honum krossbregður þegar hann verður var við strákana og treður kortinu í brjóstvasann.

7.

– Er verið að njósna um mann eða hvað? þrumar hann og styður höndum ógnvekjandi á mjaðmir. Strákarnir hrökkva í kút og hrökklast þrjú skref aftur á bak.

– Ég ætlaði bara að ná í svolítið í úlpuvasann minn, stamar Andri og Tommi kinkar ótt og títt kalli til staðfestingar. Bílstjórinn tvinnar saman blótsyrðin meðan hann klórar sér harkalega undir húfunni.

– Nú, jæja, segir hann svo og virðist hafa jafnað sig. Haldið ykkur bara á mottunni – og passið ykkur á Glámi gamla. Hann útskýrir þetta ekki nánar heldur opnar dyrnar og gengur hlæjandi út í hriðina.

Tommi horfir á eftir honum og holur hláturinn bergmálar í höfðinu á honum.

– Það er ekki í lagi með þennan karl, segir Andri og sækir úrið sitt í úlpuvasann. Vonandi keyrir einhver annar okkur heim á föstudaginn.

Tommi jánkur annars hugar.

– Sástu hvað hann er með stórar hendur? heldur Andri áfram. Þær eru eins og tennisspaðar.

Tommi er of utan við sig til að svara. *Hver er Glámur gamli?* hugsar hann og um leið er eins og ískalt vatn streymi um allar æðar. Það er nógu erfið tilhugsun að vera fimm daga að heiman þótt hann þurfi ekki að hafa áhyggjur af einhverjum gömlum karli líka.

16.

– Skömmu síðar urðu menn varir við að Glámur lá ekki kyrr og brátt fór hann að birtast afturgenginn á bænum. Margir menn misstu vitið við að sjá hann en aðrir flúðu. Glámur gerði aðallega vart við sig á nóttunni og reið þá húsum ...

Flissið í hópnum segir Páli að þörf sé á útskýringum.

– Vitið þið ekki hvað merkir að ríða húsum? spyr hann forviða.

– Nojts, flissa nokkrar stelpur.

– Það merkir að sitja klofvega á þakinu – eins og á hestbaki og láta öllum illum látum.

Stelpurnar þagna vandræðalegar við þetta einfalda svar en Páll heldur sögunni áfram.

– Glámur reið húsum með braki og brestum svo enginn þorði í dalinn til bóndans. Þeir fáu vinnumenn sem hann fékk fundust hálsbrotnir eða hryggbrotnir eftir Glám. En Grettir var ekki hræddur við drauginn. Hann vissi að hann var öllum mönnum sterkari og var viss um að hann gæti líka ráðið við dauða menn. Grettir fór til bóndans og gisti hjá honum. Um nóttina settist Glámur á þakið eins og venjulega en Grettir tók harkalega á móti honum. Þeir börðust inni í bænum og úti á hlaðinu og stundum hafði Glámur betur en stundum Grettir. Undir lokin lá Grettir milli heims og helju þegar draugurinn hnepti hann í slæm álög. Hann mælti svo um að Grettir yrði aldrei sterkari, að öll hans verk yrðu ógæfuverk og að hann yrði dæmdur í útleigð. Loks sagðist hann myndu fylgjast með honum alla tíð.

15.

Páll bendir á gluggann sem svignar í verstu hviðunum. Kertalogarnir glampa á rúðunum og það er eins og andrúmsloftið í salnum sé á einhvern hátt þykkara og seigara en venjulega.

Tomma finnst hann verða að fá súrefni og dregur djúpt andann, alveg niður í maga. Síðan sleppir hann loftinu löturhægt út um nefið. Harri finnur blásturinn frá honum og lítur skelkaður til hliðar. Augu þeirra mætast eitt sekúndubrot uns þeir grípa báðir kex og reyna að eyða óróanum með því að þefa af ilmandi vanillukreminu.

– Sökum óveðursins var ekki hægt að leita að Glámi, heldur Páll áfram. Daginn eftir fannst hann helblár í fönninni. Rétt hjá líkinu var mikið traðk þar sem virtust hafa orðið hörð slagsmál. Leitarmennirnir gátu rakið slóðina að bjargi og drógu þá ályktun að Glámur hefði lent í átökum við tröllið eða óvættina sem herjað hafði á dalinn.

Svo undarlega vildi til að engin leið var að koma líki Gláms til kirkju. Að lokum varð bóndinn að láta dysja hann fjarri vígðri mold.

– Eins og þið vitið kannski eru það helst þeir sem ekki eru grafnir í kirkjugarði sem ganga aftur, skýtur Margrét inn í þegar hún sér spurnarsvipinn á krökkunum.

– Takk, kelli mín, segir Páll og lætur ekki slá sig út af laginu.

8.

Eftir matinn er krökkunum skipt í sex hópa sem eiga að halda saman alla vikuna. Hópurinn sem strákarnir eru í er númer tvö og honum tilheyra sjö strákar og átta stelpur. Umsjónarkennari hópsins kemur frá Akureyri og lítur frekar út fyrir að vera þungarokkari en barnakennari. Hann er svartklæddur frá hvirfli til ilja og með kolsvart, úfið hár. Nafnið passar einkar vel við útlitið, Kolbjörn.

Eftir heilmikinn hamagang láta kennararnir Kolbjörn og Arnbjörg krakkana setjast í hring á gólfið og kynna sig. Flest nöfnin hljóma nú kunnuglega og allir eru ófeimnir að segja frá sjálfum sér eftir upphitunina. Margir segjast hafa áhuga á íþróttum og tónlist. Einn bekkjarbróðir Tomma er í myndlistarskóla og tvær stelpur frá Akureyri í ballett. Það eina sem allir geta verið sammála um eru bíómyndir og allir virðast hafa séð sömu myndirnar.

– Hvers konar bíómynd haldið þið að yrði gerð um daginn í dag? spyr Kolbjörn og lítur kolsvörtum augum yfir hópinn.

– Gamanmynd, svarar um það bil helmingurinn af hópnum án þess að hika.

– Hvers vegna gamanmynd? spyr Kolbjörn og læst vera hissa.

– Af því að það hefur verið svo ótrúlega gaman í dag, segir þéttvaxin stelpa að norðan sem Tommi man að heitir Lilja Sif.

9.

– Ég held að þetta yrði hasarmynd, segir Styrbjörn Flóki, skólabróðir Tomma og nýr saman höndunum af æsingi. Það myndi eitthvað hrikalega spennandi gerast hérna, morð eða hryðjuverk og svo þyrfti víkingasveitin að koma á þyrlum að bjarga öllum.

– Það er nú ósköp ólíklegt að einhver hasar verði hér, skýtur Arnbjörg hlæjandi inn í. Við erum lengst uppi í sveit á Íslandi og ekkert nema jarmandi kindur í kringum okkur. Hún strýkur ósjálfrátt yfir lopapeysumagann.

– Þetta gæti verið hryllingsmynd – eða draugamynd, segir Harri og mænir út um gluggann. Afskekktur staður og brjálað veður ... ekki spurning, ég myndi búa til draugasögu.

Stormurinn tekur undir hugmyndir Harra með því að rykkja í skólann svo rúðurnar titra í gluggunum. Krakkarnir færa sig sjálfkrafa nær hver öðrum og gefa frá sér undarlegt sambland af ópi og flissi. Þegar vindurinn þagnar líta allir upp og springa úr hlátri. Spennan hverfur á bak og burt og þrjátíu krakkar leggjast skellihlæjandi í gólfið.

Harri stendur fyrstur á fætur og kemur sér fyrir í gluggakistunni. Hann lagfærir skyrtukragann og ýtir gleraugunum upp á nafið. Ég meina það, segir hann og horfir yfir hópinn. Þetta er fullkominn vettvangur fyrir draugamynd.

14.

– Grettir var aðeins fimmtán ára þegar hann drap fyrst mann. Eftir það fór hann til Noregs þar sem hann barðist einsamall við fjölda víkinga. Hann felldi marga þeirra og þótti fyrir vikið mikil hetja. Þegar Grettir kom aftur til Íslands höfðu margir heyrt sögurnar af honum.

– Menn voru sammála um að hann bæri af öðrum ungum mönnum sakir afls og hreysti. Grettir hafði hins vegar ekki lært að hemja skap sitt og brátt varð ofsinn honum til vandræða. Hann vildi stöðugt reyna afl sitt og lenti í slagsmálum og bardögum. En erfiðasti andstæðingur Grettis átti eftir að ná heljartökum á honum.

– Örugglega Glámur, hvíslar Harri spenntur að Tomma. Hlustaðu vel. Tommi kinkar kolli og dregur hnén að sér í stólnum.

– Glámur hét maður og var sænskur að uppruna. Hann var mikill að afli og afar skapstygður. Heldur var hann undarlegur í útliti, hárið var úlfgrátt og strítt og augun starandi. Glámur var ráðinn sauðamaður hjá bónda nokkrum sem hafði átt í vandræðum vegna reimleika. Hann stóð sig vel í starfinu en þótti erfiður í samskiptum – og það sem verra var, alveg trúlaus.

Ein jólin heimtaði hann mat á aðfangadag en þá var siður að fasta þann dag. Húsfreyja neyddist til að gefa honum mat en vissi þó að illa myndi fara. Eftir matinn fór Glámur út að leita sauða en skilaði sér ekki aftur. Veðrið var myrkt og kafaldsbylur, rétt eins og núna.

13.

– Grettir fæddist að bænum Bjargi hér í sveitinni. Hann var rauðhærður og freknóttur og þótti frekar laglegur krakki. Þótt Grettir væri kominn af miklum víkingum var hann óttalega lítill og ræfilslegur sem barn. Það var ekki fyrr en hann var tíu ára að hann tók að stækka og styrkjast og strax á ykkar aldri var hann orðinn öllum börnum sterkari.

– Samtímis fór að bera æ meira á því að hann ætti erfitt með að hemja skap sitt og hann var sífelld að gera eitthvað af sér. Ætli hann hefði ekki verið greindur ofvirkur ef menn hefðu verið búnir að finna það hugtak upp.

– Eins og ég, hrópar Stebbi og ætlar að rjúka á fætur. Steingrímur styður þéttingsfast á öxlina á honum en þarf ekki að segja neitt. Drengurinn þagnar og sagan getur haldið áfram.

– Einu sinni fékk faðir Grettis honum það verk að gæta gæsa hóps. Eitthvað þóttu Gretti fuglarnir latir og leiðinlegir því næst þegar komið var að þeim voru ungarnir allir dauðir og gæsirnar vængbrotnar. Öll verkefni leysti Grettir með sama hætti, hann var skapstyggur og hrottafenginn og meiddi allar skepnur sem hann kom nærri. Ýmsa grunaði að skapofsinn ætti eftir að koma honum í vandræði seinna meir.

Páll fær sér vatnssopa og gefur krökkunum tíma til að ímynda sér hvers konar vandræði Grettir átti eftir að rata í. Svo heldur hann áfram:

10.

– Svona, svona Haraldur minn, segir Kolbjörn. Þú veist að þú átt ekki að bulla svona.

– Ég segi bara það sem mér finnst, segir Harri og hallar sér að veðurbarinni rúðunni.

– Hættu nú Haraldur, skipar Kolbjörn. Það hefur ekki verið draugur hérna í Húnavatnssýslum síðan Glámur var og hét.

Tomma krossbregður þegar hann heyrir nafnið. Hvað ertu að tala um? spyr hann varfærnislega en Arnbjörg bannar frekara draugatal og tilkynnir að farið verði í hvíslingaleik.

Vindurinn rífur skyndilega í húsið með hvæsi og kveini. Síðan kemur hár hvellur, eins og sprenging. Loftljósinn hristast stutta stund en eftir það verður allt svart.

Það er kvöldmatartími í Reykjaskóla og súrmjólkurferunarnar standa í röðum á borðunum. Á milli þeirra eru kornflögupakkar og stórir staflar af brauðsneiðum með osti, lifrarkæfu og mysingi. Kristján kokkur hefur hamast við að hita vatn á tveimur litlum prímusum til að geta boðið upp á heitt kakó að drekka. Sætur súkkulaðiilmurinn er lokkandi en þó merkilega róandi. Nokkur kerti lýsa upp salinn og breyta óspennandi fernum og pökkum í risastór háhýsi á veggjunum.

Tommi og Harri sitja þétt saman og hvíslast á.

– Getur verið að þeir viti að þessi Glámur sé kominn aftur en hafi ekki sagt neinum frá því? spyr Tommi og sýpur á kakóinu til að róa taugarnar.

11.

– Ég trúi því ekki á Dumbledore skólastjóra, segir Harri og gerir sér upp hlátur. Þetta hlýtur að vera einhver misskilningur.

– En þetta passar svo vel við það sem bílstjórinn sagði, bendir Tommi á og nælir sér í kæfubrauð. Varið ykkur á Glámi gamla ... Hann hlær holum hrossahlátri til að herma eftir bílstjóranum.

Harri velur mysinginn og einbeitir sér að brauðinu stutta stund. Við verðum að vita meira um hann, segir hann loks ákveðinn.

– Um hvað ertu að tala? spyr Anton forvitinn hinum megin við borðið og virðir strákana fyrir sér. Það lítur út fyrir að vera spennandi.

– Æ, ekkert, svarar Harri og reynir að eyða talinu.

– Við verðum að fá að vita meira um hann, endurtekur hann. Við verðum að vita meira um Glám.

Tomma bregður þegar hann heyrir nafnið og finnst eins og Harri sé að kalla á vandræði. Þarftu að segja þetta svona hátt? biður hann en Harri heyrir ekki í honum því hann er staðinn upp.

– Afsakið, Páll! kallar Harri kurteislega. Hver var Glámur?

– Nú, jæja, svarar Páll, drjúgur með sig. Eruð þið farin að kalla á draugasögur? Ég hafði nú frekar haldið að það þyrfti að syngja ykkur í svefn í rafmagnsleysinu.

12.

– Draugasögu, draugasögu, syngja krakkarnir í einum kór og slá skeiðunum í borðið. Skuggarnir á veggjunum sýna vopnaðan her sem ber niður risastórum atgeirum. Tommi finnur ugginn læðast að sér og hárin í hnakkagrófinni rísa.

– Ég verð að fá grafarþögn, segir Páll alvarlegur. Nær samstundis grípur stormurinn í húsið svo brakar í öllum gluggum. Kakóbollarnir dansa á borðunum og kertalogarnir flökta uns þeir lognast út af. Einhvers staðar í húsinu heyrst hurð skella aftur. Nokkrir krakkanna æpa eða hlæja taugaóstyrkir í myrkrinu.

Páll dokar rólegur við meðan mesta geðshræringin líður hjá.

– Það mætti halda að Glámur gamli væri að gera vart við sig, segir hann og heyra má að hann klórar sér í skegginu. Tommi og Harri frjósa í sætunum.

– Glámur gamli, alveg eins og bílstjórinn sagði, hvísla þeir í kór og síga niður í sætunum.

Páll gengur muldrandi um gólf á meðan og bíður eftir að allir sitji kyrrir í sætunum. Síðan hefur hann frásögnina.

– Fyrir um þúsund árum var uppi mikil kempa, Grettir Ásmundarson að nafni, segir Páll og nær samstundis athygli allra í salnum. Meira að segja kennararnir sitja áhugasamir og hlusta þótt þeir þekki söguna líklega í þaula.